



Grunnskólakennari yngri barna

Hverju þarf að huga að til þess að ná árangri í starfi?

Edda Eir Guðlaugsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Grunnskólakennari yngri barna

Hverju þarf að huga að til þess að ná árangri í starfi?

Edda Eir Guðlaugsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennslu yngri barna

Leiðbeinandi: Jóhanna Karlsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2020

Grunnskólakennsla yngri barna

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu yngri barna við deild kennslu- og menntunarfræði,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Edda Eir Guðlaugsdóttir 2020

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Meginmarkmið þessa lokaverkefnis er að skoða þá þætti sem kennarar yngri nemenda í grunnskóla þurfa að horfa til þegar kemur að kennslu. Í ritgerðinni verður leitast við að svara rannsóknarspurningunni „*Hverju þarf kennari yngri barna að huga að til þess að standa sig vel í starfi?*“ Í fræðilega hluta ritgerðarinnar eru hugtökin kennari, fagmennska, kennsluaðferðir og einstaklingsmiðun skilgreind en þau eru mikilvæg í starfi kennara. Þá verður hlutverk kennara útskýrt sem og samskipti og samstarf kennara við nemendur, foreldra og annað starfsfólk. Einnig verður litið til fjölbreyttra kennsluaðferða og sett fram hugmynd að kennsluaðferð í tengslum við umhverfi og upplýsingatækni.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Hlutverk kennara	9
2.1 Framkoma og fas	9
2.2 Fagmennska.....	11
2.3 Stjórnunarhæfileikar	13
2.4 Undirbúningur og skipulagning	15
3 Samstarf og samskipti	18
3.1 Samskipti við nemendur.....	18
3.2 Samskipti við foreldra	19
3.3 Samskipti við samstarfsfólk.....	21
4 Kennsluaðferðir	23
4.1 Einstaklingsmiðun	23
4.2 Fjölbreyttar aðferðir	25
4.3 Dæmi um kennsluaðferð.....	27
5 Lokaorð	29
Heimildaskrá	31

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni í grunnnámi í grunnskólakennslu yngri barna við deild kennslu- og menntunarfræði. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Jóhönnu Karlsdóttur, lektors á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ég vil þakka henni fyrir leiðbeiningar, gagnlegar ábendingar og hjálpsemi við gerð verkefnisins. Er ég mjög þakklát fólkinu í kringum mig sem sýndi mér stuðning á meðan verkefninu stóð. Sérstaklega vil ég þakka kærastanum mínum fyrir hvatninguna, þolinmæðina og stuðninginn. Við gerð þessarar ritgerðar lærði ég mjög margt um starf kennara og mikið sem hægt er að nýta sér í kennslu til þess að ná betri árangri. Það er von mín að þessi ritgerð stuðli af því að hjálpa kennurum á yngra stigi grunnskóla að bæta sig og verða betri grunnskólakennarar.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Siðareglur Háskóla Íslands* (<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=41969>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 13. maí 2020

Eldra Eir Guðlaugsd.

1 Inngangur

Markmið með skólagöngu er ekki eingöngu að ætlast til að nemendur leysi viðfangsefni vel heldur er hlutverk hennar að gera öllum kleift að þróa með sér hæfileika, þroska og gera nemandann að góðum samfélagsþegni. Segja má að hlutverk kennarans geti verið viðamiknið og flókið en samt sem áður gefandi, krefjandi og skemmtilegt, og hann þarf að sinna sínu starfi af áhuga og alúð. Þegar talað er um grunnskólakennslu yngri barna er átt við nám barna í 1.-5. bekk, sem eru börn á aldrinum sex til tíu ára. Kennarar fara í gegnum 5 ára háskólanám til þess að verða löggildir grunnskólakennarar. Í kennaranámi með áherslu á kennslu yngri barna er kennt og fjallað um þroska, lestrarnám, mikilvægi foreldrasamstarfs o.s.frv. Í náminu öðlast kennaranemar grunn til þess að beita fagmennsku í kennslu og í starfi með börnum (Háskóli Íslands, e.d.).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er meginhlutverki kennara líkt við forystuhlutverk þar sem þeir eru leiðtogar í námi nemenda. Starf kennara er krefjandi og þurfa þeir að ganga í margs konar hlutverk í sínu starfi, þar á meðal kennslu, stjórnun, ráðgjöf, uppeldi, rannsóknir og þróunarstörf, og þess vegna þarf samfélagið á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara að halda. Þeir þurfa að vera tilbúnir að huga að fagmennsku, virðingu og sjálfsmynd sinni og nemenda í starfi sínu. Einnig er mikilvægt að þeir leggi sig fram við að eiga gott samstarf og samskipti við nemendur, foreldra og annað starfsfólk. Góð kennsla þarf að laga sig að stöðu og þörfum nemenda og huga að því að skapa fjölbreyttar námsaðstæður svo allir nemendur geti tekið þátt í skólastarfinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Þeir sem starfa sem kennarar þurfa að fara eftir margs konar lögum, reglum og stefnum. Þar má nefna Lög um grunnskóla sem sett eru af Alþingi, siðareglur kennara sem settar eru af Kennarasambandi Íslands, Aðalnámskrá grunnskóla sem sett er af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og einnig þarf að fara eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Á allri minni skólagöngu hef ég velt fyrir mér spurningum eins og hvað þarf að hafa í huga til þess að verða góður kennari. Eitt að því sem ég hef lært í kennaranámi mínu, og á því að fylgjast með öðrum kennurum í starfi, er að maður lærir svo margt af öðrum, bæði hvað varðar mistök og það sem þeir gera vel. Í ritgerðinni mun ég styðjast við skrif fræðimanna, lög og reglur, Aðalnámskrá grunnskóla og það sem ég hef upplifað í námi og starfi. Ítarlega verður farið yfir það hvað þarf að hafa í huga til þess að verða góður kennari yngri barna í grunnskóla og er rannsóknarspurningin eftirfarandi: *Hverju þarfa kennari yngri barna að huga að til þess að standa sig vel í starfi?*

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er inngangur ritgerðarinnar. Í öðrum kafla verður fjallað um hlutverk kennara og hverju þeim ber að fara eftir í starfi. Þá verður rætt um samstarf og samskipti við nemendur, foreldra og annað starfsfólk í þriðja kafla og um kennsluaðferðir í fjórða kafla þar sem einnig verður sett fram tillaga að kennsluaðferð. Í síðasta kaflanum, fimmta kafla, verða niðurstöður svo dregnar saman og rannsóknarspurningunni svarað.

2 Hlutverk kennara

Hugtakið kennari á við kennaramenntað fólk sem starfar í skólum landsins. Hlutverk kennarans er margþætt og umfangsmikið og þess vegna þarf hann að sýna áhuga á starfi sínu, sem leiðir til þess að nemendur ná betri árangri. Fagmennska, virðing og sjálfsmynd hafa áhrif á kennarastarfið, en kennarar þurfa að geta kynnt og útskýrt námsefnið fyrir nemendum sínum, skipulagt og tengt saman nám og kennslu. Lykilstaða kennara felst í því að geta metið árangur nemenda sinna, þjálfað nemendur í margs konar viðfangsefnum og unnið í nánu samstarfi við samstarfsfólk sitt og foreldra (Edda Kjartansdóttir, 2006). Það skiptir máli hvað kennarar gera og hvernig þeir gera það, og að þeir leggi sitt af mörkum til að gera vel og þar með vera góðir fagmenn í starfi sínu. Í þessum kafla verður fjallað um nokkur atriði sem allir kennarar þurfa að fara eftir til þess að verða góðir grunnskólakennarar með áherslu á yngri nemendur.

2.1 Framkoma og fas

Mikilvægt er að kennarar séu öruggir í sínu starfi, geti staðið fyrir máli sínu og tekið ábyrgð á nemendum sínum. Þeir ættu því að leggja áherslu á að byggja upp traust, bera virðingu fyrir öllum nemendum sínum, huga að röddinni, svipbrigðum og tjáningu (Edda Kjartansdóttir, 2006). Þau persónueinkenni sem góðir kennarar hafa eru m.a. að vera áhugasamir, umburðarlyndir, hvetjandi, kurteisir, geta tjáð tilfinningar sínar og haft góða hlustunarfærni (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009). Sálfræðingurinn Robert Slavin talar fyrir því að mikilvægt sé að kennarar hrósi nemendum sínum fyrir góða frammistöðu. Það muni hvetja þá til þess að standa sig enn þá betur í náminu og á sama tíma byggja upp jákvætt og gott andrúmsloft. Nemendur þurfa á vináttu, virðingu og væntumþykju að halda og að kennarar hlusti á þá og aðstoði þá innan sem utan skólastofunnar (Slavin, 2014).

Í 13. grein laga um grunnskóla stendur að:

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar af því að efla samstarf skóla og heimila. (Lög um grunnskóla nr. 91/2008)

Í rannsókn Erlu Sifjar Markúsdóttur og Lilju M. Jónsdóttur (2016) um hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara kom í ljós að umhyggja skiptir kennara mjög miklu máli og að þeir nái að skapa gott andrúmsloft í skólastofunni og þar með að láta nemendum líða vel. Umhyggjusemin fær nemendur til þess að hafa áhuga á náminu. Kennarar í rannsókninni töluðu um að hlutverk þeirra væri mjög margþætt og að mörgu að hyggja. Nemendahópurinn væri afar fjölbreyttur, sumir nemendur væru fljótir að leysa viðfangsefni, aðrir hægir og sumir sem skilja ekki neitt. Það er því afar mikilvægt fyrir

kennara að horfa ekki á nemendahópin sinn sem eina heild heldur mæta hverjum og einum nemenda þar sem hann er staddur.

Traust er eitt af því sem kennarar yngri nemenda þurfa að ávinna sér strax hjá nemendum sínum til þess að geta unnið með þeim og geta tekist á við þau vandamál sem upp kunna að koma hverju sinni. Það eru óteljandi ófyrirsjáanlegar aðstæður sem geta komið á borð kennarans hvað varðar yngstu bekki grunnskóla og því ættu þeir að gera sér grein fyrir að sama aðferð hentar ekki öllum í fjölbreyttum nemendahópi. Mikilvægt er að byggja upp jákvæð tengsl við nemendur og láta þá vita við hverju er búist af þeim og gera þeim kleift að byggja upp sinn eigin námsferil (Edda Kjartansdóttir, 2006). Leggja þarf áherslu á að kennarar veiti nemendum rétta aðstoð og gagnlega endurgjöf. Mikilvægt er að fá nemendur strax á fyrstu árum grunnskólans til þess að hugsa sjálfir og vera sjálfstæðir, ekki einungis fylgja því sem einhver annar hefur sagt þeim að gera. Kennslan á að vekja upp spurningar frekar en að gefa nemendum svörin, og þeir þurfa þá að uppgötva sjálfir, með aðstoð kennarans, hvaða leið hentar þeim best til þess að leysa viðfangsefni (Ferguson, D. L., Hafdís Guðjónsdóttir, Droege, C. A., Mayer, G., Lester, J. og Ralph, G., 1999).

Allir þurfa á sjálfstrausti og sjálfsöryggi að halda til þess að takast á við hluti í daglegu lífi. Það er ekki nóg fyrir kennara að hafa þekkingu, skilning og færni í starfinu heldur þarf hann að geta beitt skilningi, þekkingu sinni og færni. Það felst í því að hafa sjálfstraust og trú á sína eigin getu til að ráða við þau viðfangsefni sem í starfinu felast. Kennarar sem trúa því að þeir segi og geri mikilvæga hluti, gefa nemendum sínum fulla athygli og ná að halda fullri athygli nemenda sinna standa uppi sem góðir kennarar. Einnig er kostur að þeir geti lagt raunhæft mat á sjálfa sig í staðinn fyrir að treysta á mat annarra. Þeir þurfa því alltaf að taka ábyrgð á frammistöðu sinni í kennslustofunni. Ef kennarar ætla að ná árangri er mikilvægt að þeir horfa á sjálfa sig og hafa meiri væntingar til sjálfra sín heldur en til nemenda sinna (Whitaker, 2007; Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015; Ingrid Kuhlman, 2005).

Raddbeiting og líkamstjáning kennara skipir máli í kennslu. Þeir geta tileinkað sér að tala beint til nemenda og beitt rödd sinni á lifandi hátt, en með því geta þeir fengið meira út úr kennslu sinni og nemendurnir líka. Mikilvægt er að varast að spenna röddina of mikið með því að hækka hana og passa ofnotkun á hikorðum eins og „hérna“ og „sko“. Kostur er að kennarar séu afslappaðir, eðlilegir og nýta hreyfingar sína til þess að leggja áherslu á það sem verið er að tala um í staðinn fyrir að vera út um allt (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 17). Margir kennarar á yngsta stigi grunnskóla nota klapp í staðinn fyrir að hrópa á nemendur sína til þess að fá athygli og ná þar að leiðandi betur til nemenda sinna.

Kennarar þurfa einnig að hafa eigin gildi til þess að ná góðum árangri í starfi sínu. Gildi og skoðanir eru mismunandi á milli kennara og er því nauðsynlegt að þeir passi upp á sitt innsæi og sjálfsmynd og séu færir í starfi sínu (Whitaker, 2007). Tony Booth hefur barist fyrir námi

án aðgreiningar og hefur hann jafnframt bent á að gildi í kennslu séu mikilvæg. Persónuleg gildi kennara eru að bera virðingu fyrir fjölbreytileika hvers og eins, vera hreinskilinn, áreiðanlegur, heiðarlegur, geta sýnt nemendum sínum samúð ef eitthvað kemur upp á og gleðjast með þeim þegar gengur vel. Það að kennarar þekki áhugamál og tólmstundir nemenda eftir skóla, styrkleika og veikleika þeirra sýnir þeim að kennarar hafi áhuga, þekkingu og að þeim þyki vænt um þá sem einstaklinga. Væntumþykja er mikilvægt gildi kennara og sérstaklega á yngsta stigi grunnskólans þegar nemendur eru nýbyrjaðir í skóla (Booth, 2005; Marshall, 2013). Nemendur fylgjast náið með kennurum sínum bæði í framkomu og athöfnum og mikilvægt er að hafa í huga að þessir þættir hafa mun meiri áhrif á nemendur en það sem kennarar segja. Sem dæmi um gildi sem kennarar hafa og er líklegt að hafi áhrif á nemendur er t.a.m. stundvísi og skipulag. Ef það eru þættir sem kennarar þykja mikilvægir er gott að þeir sýni það í verki og mæti sjálfir á réttum tíma með kennslustundina tilbúna þegar nemendur mæta. Nemendur horfa á kennara sína sem fyrirmyndir og geta farið eftir gildum þeirra. Þó svo að nemendur fallist ekki á gildi kennara virða þeir kennara sína engu að síður fyrir það að vera trúir sinni eigin sannfæringu (Gordon, 2001, bls. 259).

2.2 Fagmennska

Skilgreiningin á fagmennsku (e. *professionalism*) er að fagmaðurinn vinni verk sitt vel og vandlega að öllu leyti. Að vera fagmaður felur í sér að vera áreiðanlegur, verklaginn, starfsamur og taka ekki afstöðu út frá tilfinningum sínum. Fagmaðurinn þarf að geta brugðist við þýðingarmiklum uppkomum við erfiðar aðstæður og einnig að hafa þekkingu til þess að takast á við þeim áskorunum sem fylgja. Fagmennskan sýnst um sjálfstæði, færni og þekkingu fagmanna til að bjóða upp á góða og áreiðanlega þjónustu við skjólstæðinga (Trausti Þorsteinsson, 2003).

Fagmennskan er lykilhugtak í kennarastarfinu og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Hún tengist gæðum í starfinu og felst í því hvað er best að gera á vettvangi. Mikilvægt er að kennarar séu tilbúnir að bregðast við fjölbreyttum kröfum sem samfélagið bíður uppá til menntunar. Það er hlutverk þeirra að framfylgja kröfum góðra grunnskóla og einnig sjálfs síns sem fagmanna (Trausti Þorsteinsson, 2003; Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015, bls. 54). Nokkrar gerðir fagmennsku hafa verið skilgreindar, en ein af þeim er stýrð fagmennska. Með því er átt við að viðmið séu sett af öðrum en kennurunum sjálfum, t.a.m. af stjórnvöldum sem setja viðmið um gæði í starfinu og hvernig á að meta þau. Eins er til lýðræðisleg fagmennska þegar kennarar fá að móta sjálfir samvinnu sín á milli og við aðra, svo sem foreldra, og geta þannig mótað samfélag með þann tilgang að þróa sitt eigið starf og geta stundað símenntun í starfi sínu (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015, bls. 56).

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) gerir ráð fyrir fagmennsku hjá kennurum og „snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð“ (bls. 13). Til þess að allt gangi upp þurfa skólar á fagmenntuðum kennurum að halda. Einnig er vert að taka það fram að kröfur til kennara um fagmennsku og hæfni til þess að auka einstaklingsmiðun hefur aukist á seinustu árum skv. námskránni. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að „starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki“. Þá eru einnig til siðareglur sem settar eru til þess að styrkja fagleg vinnubrögð kennara. Kennarasamband Íslands (e.d.) semur þessar siðareglur til þess að efla fagmennsku kennara, en þær eru ekki lög heldur frekar hugsaðar til leiðbeiningar fyrir kennara. Í reglunum kemur fram að kennarar þurfi að efla nemendur í gagnrýnni hugsun og stuðla að því að þeir beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum, umhverfinu og menningu. Mikilvægt er að kennarar hafi jafnrétti að leiðarljósi í sínum störfum, vinna gegn fordómum og aldrei mismuna nemendum sínum.

Það er mikilvægt að kennarar hafi góða yfirsýn yfir starf sitt og þau markmið sem þeir setja sér og að þeir vinni náið með nemendum sínum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002). Gæði og árangur af skólastarfinu byggjast á vel menntuðum og áhugasömum kennurum á öllum skólastigum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Kennarar þurfa að fá að þroskast sem einstaklingar og það þarf að gefa þeim tækifæri til þess að skoða starf sitt. Það þarf að treysta þeim til þess að taka eigin ákvarðanir því aðeins þá styrkjast þeir sem fagmenn. Kennarahópurinn þarf að vinna saman og deila ábyrgð til þess að efla fagmennskuna í kennarastarfinu (Edda Kjartansdóttir, 2006; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er í kafla um fagmennsku og alúð lögð áhersla á að allt starfsfólk vinni að því að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda. Svo það takist þarf starfsfólk, og þ. á. m. kennarar, að ígrunda starf sitt reglulega, fara nýjar leiðir, læra og afla sér nýrrar þekkingar. Þannig sýna þeir áhuga á starfi sínu og vinna að því að gera það betra. Fram kemur hjá Sigrúnu Aðalbjarnardóttur (2015) að mikilvægt sé fyrir kennara að skoða sjálfa sig í starfinu og reyna að bæta sig sem fagmenn, en það er hluti af fagmennskunni. Hún talar um lykilspurningar sem kennarar ættu að vera duglegir að spyrja sig með spurnarorðunum hvað, hvernig og hvers vegna. Þetta eru spurningar á borð við „Hvers vegna vildi ég verða kennari“? og „Hvernig get ég bætt mig sem kennari“? Með slíkri ígrundun geta kennarar tekið framförum í starfinu, orðið faglegri og lært af reynslu sinni (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015). Kennarar taka þátt í skólaþróun og breytingum ásamt því að taka faglegar ákvarðanir. Þróun fagmennsku hjá kennurum snýst um að ígrunda starf sitt, hlutverk og að bæta stöðugt færni sína með því að endurskoða starf sitt. Kennarar sem gefa

sér tíma í að þróa sig í starfi standa uppi með nemendur sem sýna framfarir (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 59).

Samantekt úr þessum kafla sýnir að forsenda fyrir því að fagmennska kennara sé í skólastarfinu er að:

1. Að kennarar hafi kennslufræðilega þekkingu á því sem þeir takast á við.
2. Að kennarar séu ábyrgðir fyrir því sem fer fram í kennslustund og velji réttu viðfangsefnin.
3. Að kennarar fái traust til að taka eigin ákvarðanir.
4. Að kennarar ígrundi starf sitt og þar með bæti sig sem kennara (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015).

Kennarar eru fagmenn sem stefna að fagmennsku í starfi sínu. Gerðar eru kröfur til kennara um að þeir ráði við erfiðar aðstæður, kenni og mennti nemendur sína, að þeir geti sinnt nemendum sínum vel og bætt sig á vettvangi (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).

2.3 Stjórnunarhæfileikar

Kennarar vilja að nemendur hagi sér vel í kennslustundum. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að „Meginhlutverk kennarans er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreyttastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið meðal nemenda“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 44). Í rannsókn sem gerð var á árangursríkum kennurum kom í ljós að stjórnun kennslustunda er tengd undirbúningi. Þeim kennurum sem lögðu áherslu á góða skipulagningu og voru með góðar verklagsreglur gekk betur að stjórna kennslustundum. Þannig er mikilvægt fyrir kennara að vera með gott skipulag og verklag strax í fyrstu kennslustundum nýs skólaárs og alltaf (Muijs og Reynolds, 2011). Þeir kennarar sem sýna fram á þekkingu í skipulagningu kennslustunda eru fljótir að byrja tímarnum svo að lágmarkstími fer í að nemendur bíði eftir að hefjast handa. Þeir eru duglegir að viðhalda verkefnum þannig að þeir passi að nemendur sitji ekki verklausir, en það getur minnkað truflanir töluvert í kennslustundum. Með þessu er einnig líklegra að kennarar nái að skapa afslappað og gott andrúmslofti í kennslustofunni þar sem nemendur halda sér að efninu og ná árangri (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009).

Eitt af erfiðustu verkefnum sem margir kennara glíma við eru agavandamál og er mikilvægt að þeir takist á við þau yfirvegað og af öryggi. Þeir ættu því að passa sig að nota ekki hugtök eins og að hafa vald á, fyrirskipa, refska, hóta, skamma og skipa heldur frekar nýta sér uppbyggileg hugtök eins og lausnaleyti, ágreining, lausnir, samvinnu, sameiginlegar ákvarðanir og vinnu að lausn mála (Gordon, 2001, bls. 23). Gildi kennara eru ekki þannig að

þeir hrópa á nemendur sína heldur tala við þá rólega. Betra er fyrir kennara að einbeita sér að hegðun sem þeir búast við frá nemendum sínum en ekki að afleiðingum fyrir ranga hegðun. Hróp getur virkað en þegar lítið er til lengri tíma getur ástandið versnað. Þannig er betra að segja í lágum tóni „Ef þú vilt ekki hlusta bitnar það á þínum eigin lærdómi“ í staðinn fyrir að hrópa og segja „Ef þú heldur áfram að tala og trufla muntu þurfa að gera tvöfalda heimavinnu“ (Whitaker, 2007). Í rannsókn Erlu Sifjar Markúsdóttur og Lilju M. Jónsdóttur (2016) tala umsjónarkennarar um að það skipti máli þegar talað er við nemendur að þeim sé sýnd nærgætni, ákveðni, léttleiki og væntumþykja. Það eru kennararnir sem leggja sig fram við að byggja upp góðan bekkjaranda og mismunandi leiðir til þess, svo sem með því að vera góðar fyrirmyndir, sýna gleði og sanngirni. Þeir ættu að hafa fáar en skýrar reglur sem nemendur fara eftir. Til að ná góðri stjórn á bekk þarf að hafa jafnvægi, virkja þá nemendur sem lítið fer fyrir og leiðbeina nemendum sem eru virkastir á jákvæðan hátt.

Kennarar eru jafn ólíkir eins og þeir eru margir og hafa ólíkan bakgrunn. Það má að segja að ekki sé hægt að ætlast til þess að þeir hagi sér eins við vissar aðstæður. Það sem einum finnst að eigi gera í ákveðnum málum finnst öðrum sjálfsagt að leyfa. Ættu kennarar því að huga að því að þróa aðferðir sem þeim finnst virka og eru tilbúnir til að vinna eftir (Edda Kjartansdóttir, 2006). Að þeir hafi skýra markmiðasetningu þar sem fram koma skamm- og langtíma markmið og nauðsynleg skref til framkvæmdar á markmiðum sem eru sett. Það að kennarar þekki sín eigin gildi og viðmið og setji sér og nemendum sínum strax markmið um bæði hegðun og samskipti getur leitt betri stjórnunar. Oft gera nemendur og kennarar í sameiningu bekkjarviðmið og sáttmála. Þá fá nemendur að vera með í vali á viðmiðum bekkjarins. Þetta er hægt að gera með nemendum frá yngstu bekkjum til elstu bekkja. Mikilvægt er kennarar hafi strax samráð við nemendur um hvaða viðmið eru sett og hvaða mörk eigi að setja í kennslustofunni. Þá finna nemendurnir til ábyrgðar og reyna að uppfylla þær kröfur sem eru settar. Þetta gerir nemendum kleift að vera ábyrgari og þjálfar þá einnig í því stóra hlutverki að hafa góð áhrif á eigið líf (Edda Kjartansdóttir, 2006; Ingrid Kuhlman, 2005).

Bekkarviðmið sem nemendur setja í sameiningu geta til dæmis verið:

- Notað alltaf inniröddina
- Alltaf gera sitt besta
- Hlusta og bera virðingu fyrir öðrum nemendum og starfsfólki
- Hafa hendur og fætur hjá sér (Muijs og Reynolds, 2011).

Annar mikilvægur þáttur í stjórnun kennara er sætaskipan í bekknum. Ein almenn regla í þeim málum er að nemendur hafi nægilegt rými til að vinna þægilega og bæði kennarar og nemendur geti gengið um í kennslustofunni án þess að trufla aðra. Hvernig nákvæmlega

kennarar raða í stofuna fer eftir rými kennslustofunnar og nemendahópnum. Með unga nemendur getur til dæmis verið gott að hafa þá stundum í hring á mottu eða í heimakrök í stofunni, en með því ná kennarar að fylgjast betur með og skapa þægilegar umræður þar sem allir geta tekið þátt (Muijs og Reynolds, 2011).

Kennarar þurfa að stefna að því að nemandi sé virkur í náminu og þar af leiðandi þurfa þeir að passa að hann trufla kennsluna sem allra minnst. Kennarar ættu að varast að hafa margar reglur heldur gera kröfur til nemenda sinna. Setja þarf strax einföld og skýr viðmið sem nemendur fara eftir allt skólaárið. Eitt af því sem kennarar ættu að varast í bekkjarstjórnun er að hótta og refsa nemendum. Ef einhver nemandi hagar sér illa og kennarinn segist ætla að hringja í foreldra gæti það haft áhrif strax en þegar litið er á langvarandi áhrifin eru þau ekki góð. Betra væri að hringja strax í foreldra og tala við þá um vandamálið og þá veit nemandinn að kennarinn tekur strax á málunum í staðinn fyrir segjast ætla gera hlutina en standa síðan ekki við það (Whitaker, 2007). Aga- og bekkjarstjórnunarmál eru ekki svo einföld og því er mikilvægt að kennarar hafi góð samskiptaviðmið. Þess vegna er mikilvægt að kennarar eigi í góðum samskiptum við nemendur sína, annað starfsfólk og foreldra og geti rætt leiðir þannig að hægt sé að hafa sameiginlega sýn og leiðirnar nái fram að ganga (Edda Kjartansdóttir, 2006).

2.4 Undirbúningur og skipulagning

Skipulagning kennslu er mjög mikilvægur þáttur hjá góðum kennurum. Hún á að vera sveigjanleg og taka mið af margs konar kennsluháttum, áhuga nemenda og kennara. Skrifleg skipulagning getur verið tímafrek en er samt vel þessi virði því hún gefur kennurum aukið sjálfstraust og gerir kennsluna markvissari og auðveldari (Moyles, Georgeson og Payler, 2011).

Kennarar ættu að reyna að passa sig á að hafa ekki of stífar áætlanir því þær geta stundum hindrað þróun námsins, sérstaklega vegna ófyrirséðra og óvæntra upptákoma. Margir hlutir sem kennarar ætla sér að gera virka einfaldlega ekki og er mikilvægt að hafa aukaskipulag ef eitthvað fer úrskeiðis. Þá er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvað hefði mátt gera öðruvísi og aðlaga önnur verkefni að því (Whitaker, 2007). Gott er fyrir kennarar að vera alltaf tilbúnir, með markmið sín á hreinu og hafa námsáætlun til þess að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér og nemendum sínum. Tilgangurinn með því að hafa markmið er að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem Aðalnámskrá grunnskóla setur fyrir (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009). Hins vegar getur stundum verið betra að skrifa allt nákvæmlega upp sem þarf að gera, t.d. ef kennari er að skipuleggja stórt verkefni sem mun taka langan tíma, e.t.v. með samþættingu námsgreina og í samvinnu við aðra kennara (Sigrún Björk Cortes, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Margrét Hugadóttir og Torfi Hjartarson, 2016, bls. 25).

Í kennslustundum þarf að nota alls konar gögn og áhöld og skiptir máli að hafa þau aðgengileg og tiltæk. Mikilvægt er að vera búin að skipuleggja þau gögn sem á að nota, koma þeim fyrir og hafa þau tilbúin svo hægt sé að ganga beint að þeim. Með tímanum öðlast kennarar reynslu, færni og þekkingu á kennslu yngri nemenda og eiga þá auðveldara með skipulagningu fyrir kennslustundirnar. Kennarar sem eru nýbyrjaðir þurfa hins vegar að undirbúa sig betur og skipuleggja kennslustundir meira (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009).

Skipulagning getur farið fram löngu fyrir, beint á eftir, á meðan og jafnvel þegar kennslustundin er í gangi. Sem dæmi má taka um kennara sem eru að undirbúa íslenskukennslustund þar sem sumt af því sem á að læra hafa nemendur lært áður. Þá geta kennarar notað skipulag sem þeir hafa nýtt áður en bætt við það og breytt með nýjum hugmyndum og aukinni reynslu (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009).

Þegar skipuleggja á kennslu er gott að líta svo á að hún byggist upp í þremur áföngum: upphaf, miðja og niðurlag. Upphafið skiptir mjög miklu máli í allri kennslu. Á fyrstu mínútum kennslustundar er gott að gera nemendum grein fyrir markmiðum og um hvað efnið fjallar. Einnig getur verið gott að nýta kveikju sem upphaf á kennslustund en kveikja er hugtak sem nær utan um þær aðferðir sem kennarar beita til þess að ná athygli nemenda sinna að efninu og gera þá forvitna um viðfangsefnið. Kveikjur geta verið mjög fjölbreyttar og er t.d. hægt að nýta innlifunaraðferð, en þá eru nemendur beðnir um að sjá fyrir sér eitthvað í huganum sem tengist námsefninu sem vinna á með. Ef nemendur eru ungir er gott fyrir kennarann að hafa markmiðin og skipulag kennslustundarinnar skrifuð upp á töflu áður en tíminn hefst (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009; Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 17).

Sjónræni þátturinn skiptir máli sérstaklega fyrir fjölbreyttan nemendahóp og þess vegna er mikilvægt að hafa dagskrá skóladagsins í myndum. Rannsókn á kennsluaðferð sem nefnist skipulögð kennsla (e. *Structured Teaching*) sýnir að myndrænt skipulag með tímaáætlun hjálpar nemendum sem eru á einhverfurófi og þeim sem eiga við tungumálaörðugleika að stríða og spáir fyrir um daglega og vikulega atburði. Þetta dregur úr kvíða þar sem nemendur vita alltaf hvað gerist næst. Einnig getur þetta hjálpað nemendum sem hafa lítið frumkvæði að vera áhugasamari við að ljúka við verkefni sem þeir eiga erfitt með þar sem þeir sjá það sem er næst á dagskrá, en það hvetur þá til að ljúka við verkefnið (TEACCH staff, e.d.).

Miðjan kennslustundarinnar fer í vinnuna sjálfa, og gott getur verið fyrir kennara yngri nemenda að stilla tíma svo þeir átti sig á því hversu miklum tíma þeir eiga að nýta í vinnuna. Endir kennslustundarinnar skiptir síðan jafn miklu máli og upphafið. Lokamínúturnar ættu að vera minnisstæðar og að kennarar huga að því að hafa þær áhugahvetjandi og markvissar. Gott er að taka saman það sem hefur farið fram í kennslustundinni og fara yfir frammistöðu nemenda og hrósa þeim eða gefa uppbyggilegar ábendingar hvað hefði mátt fara betur (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 62; Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 9). Að sama skapi er

gott fyrir kennara yngri nemenda að byrja og enda vikuna á jákvæðan hátt, t.d. með leik, söng eða spjalli. Það eru allt hlutir sem þeir undirbúa vel fyrir fram (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 62).

3 Samstarf og samskipti

Þegar talað er um samskipti (e. *communication*) kennara er átt við þegar kennarar eiga í samskiptum við foreldra eða annað starfsfólk með bréfum, tölvupósti, símasamtölum og fundum. Samstarf (e. *cooperation*) er hins vegar þegar samskipti fela í sér samtöl og þegar teknar eru sameiginlegar ákvarðanir (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Mikilvægt er að starfsfólk skóla, kennarar, nemendur og foreldrar geti unnið vel saman og átt í góðum samskiptum og samvinnu innan sem utan skólans. Til þess að allt gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og meginmarkmið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Margir hlutir geta haft áhrif á starf kennara, til dæmis foreldri í uppnámi eða nemandi sem á í vandræðum. Skiptir þá máli að kennarar skapi gott andrúmsloft, séu jákvæðir í samskiptum og komi fram við alla af virðingu. Kennarar leggja sig fram við að vinna hörðum höndum að því að hafa samskipti sín í góðu lagi til þess að koma í veg fyrir árekstra í samskiptum (Whitaker, 2007). Í þessum kafla verður farið yfir samstarf og samskipti kennara við nemendur, samstarfsfólk og foreldra.

3.1 Samskipti við nemendur

Grunnskólinn er vinnustaður nemenda og þurfa þeir að finna fyrir öryggi og fá að njóta hæfileika sinna. Mikilvægt er að þeir fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi ákvarðanir sem snerta þá, til dæmis hvað varðar námsumhverfið og námstilhögun (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Til þess að kennarar geti hvatt, leiðbeint og átt í samskiptum við nemendur sína með áhrifaríkum hætti er gott að þeir að þekkja nemendur vel sem einstaklinga. Í flestum bekkjum nú til dags eru nemendur með fjölbreyttan bakgrunn og mismunandi einkenni. Þeir geta komið frá ólíkum þjóðum, haft mismunandi námsgetu og sérstakar námsþarfir (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram varðandi ábyrgð og skyldur starfsfólks að kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk skólans skuli stuðla að góðum skólabrag og starfsanda. Það þurfa allir að vinna að því að leggja áherslu á jákvæð samskipti, umburðarlyndi, og kurteisi. Nemendur eiga alltaf að vera vissir um að kennarar gæti trúnaðar um mál sem koma upp, en þó ber kennurum tilkynningarskylda til lögreglu eða barnaverndar ef um alvarleg atriði er að ræða (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 70). Samkvæmt barnaverndarlögum (nr. 80/2002, 17. gr.) eiga þeir „sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skyldt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem er lýst er í 1. mgr“.

Jákvæð samskipti kennara og nemenda eru lykillinn að árangursríkri kennslu, sama hvert efnið er, og mikilvægt er að samskiptin byggist á trausti. Mikilvægt er að kennarar huga að

því að hafa jafnvægi í samskiptum við nemendahópinn og að hafa skipulag á því. Einn af nemendum þarf á hrósi að halda, annar leiðbeiningu eða jafnvel leiðréttingar og allir þurfa hvatningu. Það getur hjálpað kennurum að setja nemendum félagsleg hlutverk, til dæmis ef það er nemandi sem á erfitt með að einbeita sér að verkefninu getur hann fengið það hlutverk að vera leiðtogi hópsins sem á að styðja hina og hvetja þá áfram (Gordon, 2001; Ferguson o.fl., 1999).

Kennarinn þarf að vera opinn, hreinskilinn og vita að það sé tekið tillit til beggja aðila, þ.e.a.s. til kennara og nemanda. Þegar nemandi er í vanda þarf kennarinn að vera góður hlustandi og geta veitt honum hvatningu (Gordon, 2001, bls. 12). Í Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að börn eigi rétt á að láta í ljós sínar skoðanir á þeim málefnum sem varða þau og er mikilvægt að kennarar yngri barna styðji nemendur við að láta í ljós skoðanir sínar á fyrstu árum sínum í grunnskóla. Nemendur og kennarar eiga að geta tekið ákvarðanir sameiginlega og með því verða nemendur virkir þátttakendur í skólastarfinu (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

3.2 Samskipti við foreldra

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er sagt að „grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi milli heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja gott skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda“. Samskipti og samstarf á milli foreldra og kennara þarf að vera gott, en það er mismunandi eftir aðstæðum og aldri nemenda. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er kveðið á um að foreldrar þurfi að fylgjast með námi barna sinna í samvinnu við kennara þeirra og styðja við skólagöngu þeirra. Hér verður áhersla lögð á samskipti milli foreldra og kennara á yngsta stigi grunnskóla, þ.e. barna í 1.-5. bekk.

Rannsóknir á síðustu áratugum hafa sýnt að þátttaka foreldra í námi barna sinna skilar árangri. Ef skóli og heimili standa saman og sameinast um markmið margarfaldast líkurnar á velgengni í skóla og lífinu hjá nemendum (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Hægt er að segja að foreldrar séu mikilvægir þátttakendur í námi barna sinna. Tengslin á milli skóla og heimila skipta nemendum miklu máli við að ná árangri, auka áhuga og öryggi í námi. Upplýsingagjöf þarf því að vera góð milli foreldra og kennara. Í byrjun skólaárs hjá nemendum í fyrsta bekk í grunnskóla er gott að halda fræðslufundi fyrir foreldra. Þar er nauðsynlegt að kynna Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá viðkomandi skóla, áherslupætti í náminu og það sem fram undan er hjá barninu. Sérstaklega þarf að huga að því að fara yfir það hvað foreldri þarf að gera til þess að auðvelda barni sínu lestrarnám og stærðfræðinám (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 97-99). Þar sem tækni er orðin stór hluti af okkar samfélagi reyni kennarar að nýta sér hana til að upplýsa og eiga í samskiptum við foreldra. Hægt er að nýta heimasíðu skólans

til að foreldrar geti sótt sér upplýsingar um nám barna sinna. Einnig er mikilvægt að kennarar séu duglegir að fara yfir tölvupóstinn sinn og svara foreldrum ef þeir hafa spurningar eða athugasemdir (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 97-99). Náms- og upplýsingakerfið InfoMentor er notað í mörgum grunnskólum landsins. Þar geta foreldrar tilkynnt veikindi og fylgst með hæfni barna sinna. Kennarar geta búið til lotur í hverju fagi og sett fram hvaða hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla er verið að vinna með hverju sinni og tengt þau við verkefni, áætlanir og námsefni. Með Mentor eru kennarar að efla samstarfs sitt við heimilin (InfoMentor, 2017). Í rannsókn Kristínar Jónsdóttir og Amalíu Björnsdóttir (2014) um foreldrasamstarf kom í ljós að Mentor gegnir mikilvægu hlutverki í að miðla upplýsingum um heimavinnu og ástundun barna. Yfir helmingur foreldra skoðar Mentor vikulega eða oftár. Þess vegna er mikilvægt að kennarar nýti sér náms- og upplýsingakerfið Mentor til að miðla upplýsingum til foreldra.

Foreldraviðtöl eru notuð í mörgum grunnskólum landsins til þess að miðla skýrum upplýsingum um skólastarfið og áætlanir. Slík viðtöl fela meðal annars í sér upplýsingamiðlun frá kennara, nemenda eða foreldrum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011; Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Bæði kennarar og foreldrar geta kviðið fyrir þessum viðtölum og þess vegna er afar mikilvægt að hafa þau vel skipulögð. Kennarar geta tileinkað sér að hafa öll þau gögn tilbúin sem þeir ætla að nota og vera búnir að undirbúa hvað skiptir mestu máli að taka fyrir. Gagnlegt er fyrir kennara að vera búnir að undirbúa gátlista sem sendur er með nemandanum heim fyrir viðtalið til að athuga hvað foreldrar og nemendur vilja helst ræða um. Listinn getur samanstðið af líðan, félagslegri stöðu, styrkleikum, hegðun og námslegri stöðu nemenda og er hann útfylltur af foreldrum og nemanda í sameiningu og afhentur umsjónarkennara fyrir viðtalið. Gátlistanum er ætlað að sýna nemandanum hvert hlutverk hans er í viðtalinu og svo foreldrar fái tækifæri til að hafa áhrif á það sem rætt verður í viðtalinu. Getur það hjálpað kennurum að hafa sinn eigin gátlista til þess að minna sig á þau atriði sem þeir vilja taka fram og fjalla um. Það er mikilvægt að kennarar hafi í huga að byrja viðtal alltaf á jákvæðum atriðum og fara síðan yfir í þau atriði sem eru erfiðari. Það sem talað er um í foreldraviðtölum á ekki að koma foreldrum á óvart, ef barnið á í félagslegum eða námslegum vanda ættu kennarar að vera búnir að hafa samband áður og ræða við foreldra (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 100-101).

Í þeim skólum sem foreldrasamstarf er gott er unnið að því að hvetja foreldra til að taka þátt í skólastarfi barna sinna, upplýsingum er miðlað með fréttabréfum og kennarar geta sent vikubríf til foreldra þar sem lögð er áhersla á upplýsa foreldra um atburði vikunnar. Í rannsókninni *Starfshættir grunnskóla við upphafi 21. aldar* er bent á að umsjónarkennarar séu í lykilhlutverki við að miðla upplýsingum og eiga í samskiptum við heimilin. Meirihluti kennara nýtir tvær til fjórar klukkustundir á viku í foreldrasamstarf og er

það stór hluti vinnutímans. Mikill hluti af þessum tíma fer í samskipti við foreldra einstakra nemenda frekar en við foreldrahópinn sem heild. Kostur er að kennarar séu duglegir að halda góðu upplýsingastreymi við heimilin og byggja upp jákvætt viðhorf foreldra til skólastarfsins (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014).

3.3 Samskipti við samstarfsfólk

Í dag er meira samstarf milli starfsfólks innan skóla en það var áður og er því mikilvægt að það sé gott. Það er fólgið í ýmsum samstarfsfundum með öðru starfsfólki til að ræða málefni sem varða nám nemenda, kennsluna og skipulagið. Gott samstarf milli kennara getur hjálpað til við undirbúning kennslustunda, þeir geta unnið saman með hugmyndir sínar og lært hver af öðrum (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Kennarastarfið gerir kröfur um samvinnuhæfni sem felur í sér að leita til annarra og nýta stuðning þeirra til þess að öðlast meiri og nýjan skilning á þeim viðfangsefnum sem koma upp. Kennarar þurfa þannig bæði að geta fengið stuðning frá öðrum og veitt öðrum stuðning sé óskað eftir því (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015 bls. 110).

Í íslenskum grunnskólum vinna kennarar oft í teymiskennslu (e. *team-teaching*), en hún felur í sér samvinnu á meðal þeirra og axla þeir saman ábyrgð á nemendum. Með teymiskennslu nýtist áhugasvið og þekking hvers og eins og kennarar geta lært hver af öðrum (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2007). Þó er munur á teymiskennslu og teymisvinnu kennara. Teymisvinna er mikil í grunnskólum hér á landi og er þegar kennarar vinna saman en hafa ekki sameiginlega ábyrgð á nemendahópum. Teymiskennsla er í töluverði þróun og hafa verið gerðar rannsóknir á henni og afbrigðum hennar í skólum víða um heim. Margar af þeim rannsóknum hafa sýnt að teymiskennsla auki námsárangur og samstarf kennara aukist (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2017). Í íslenskri rannsókn sem Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns gerðu (2017) var gerður samanburður á bekkjarkennsluskólum og teymiskennsluskólum og kom í ljós að meiri áhersla var lögð á samvinnu milli kennara í teymiskennsluskólum. Hún var umfangsmeiri og samstarf var nánara en gerðist í bekkjarkennsluskólunum. Einnig fannst kennurum fagleg tengsl meiri og að þeir fengju betri stuðning frá skólastjórnendum þegar teymiskennsla var innleidd. Rannsóknin bendir til þess að í teymiskennsluskólunum sé jákvæðari starfsandi, betri samskipti og skólapróun og starfshættir lýðræðislegri. Því er hægt að segja að teymiskennslan sé jákvæð fyrir samskipti milli starfsfólks og nemenda.

List- og verkgreinakennarar eru sérhæfðir í ýmsum aðferðum og möguleikum á skapandi vinnu og ættu aðrir kennarar að nýta sér þá hæfileika, áhuga og þekkingu þeirra. Það sama á við um skólalókasafnið, en þar er starfsfólk sem hefur mikla þekkingu á fræðandi efni sem kennarar geta nýtt sér (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 93).

Mikilvægt er að kennarar geta barist fyrir sínum eigin þörfum svo þeir verði ekki óánægðir í starfi og ættu að geta sent skýr skilaboð til skólastjórnenda til þess að starfsaðstæður þeirra séu viðunandi. Ef þeir fá þarfir sínar ekki uppfylltar í starfinu getur það dregið úr árangursríkum samskiptum við nemendur (Gordon, 2001, bls. 269). Sumum gæti fundist sem kennarafundir séu sóun á tíma og hafi litla gagnsemi, sérstaklega þegar kennari leggur fram tillögu en ekkert gerist í kjölfarið. Það er mikilvægt að allt samstarfsfólk leggi sitt að mörkum til þess að sem bestur árangur náist á fundum. Þannig þarf að huga að því sem þarf að gera fyrir fundinn, á meðan honum stendur og eftir að honum lýkur svo árangur náist, og það tekst með góðum samskiptum og samvinnu (Gordon, 2001, bls. 271).

4 Kennsluaðferðir

Eitt af mikilvægum viðfangsefnum kennara er að finna leiðir til þess að mæta margskonar þörfum nemenda. Þeir leggi sig fram við að finna hæfileg og góð viðfangsefni sem styðja og styrkja nemendur, hafa tök á fjölda kennsluaðferða sem þeir geta valið úr, fundið út hvaða kennsluaðferð er best að beita hverju sinni og byggja það á mati á fjölbreytilegum þörfum nemenda (Trausti Þorsteinsson, 2003).

Hugtakið kennsluaðferð (e. *instructional method*) er það skipulag sem kennarar þurfa að hafa á öllu því sem snýr að kennslunni bæði viðfangsefnum og námsefni (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 12). Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að kennsluaðferðir eigi að hafa það að markmiði að ná þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Kennsluefnið þarf að ná til nemenda og vekja áhuga hjá þeim og það er hlutverk kennara að finna og nýta árangursríkar kennsluaðferðir við kennslu sína. Námsefnið sem unnið er með þarf að vera aðgengilegt, skýrt og nýlegt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Hér hefur verið fjallað um hugtakið kennsluaðferð og í næstu undirköflum verður nánar fjallað um áherslur á nemandann sem einstakling, um fjölbreyttar aðferðir og hvernig kennarar geta nýtt þær aðferðir í starfi með því að samþætta námsgreinar.

4.1 Einstaklingsmiðun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er sagt að „allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan“. Eitt af því sem kennarar reyni að passa er að horfa ekki einungis á nemendahóp sinn sem eina heild heldur hugsa um hvern nemenda sem einstakling sem hefur mismunandi þarfir og er frábrugðinn öðrum einstaklingi (The importance of teaching, 2001).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að „á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í almennum grunnskólum án aðgreiningar sem öll börn eiga rétt á að sækja“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 43). Þar er átt við að nemendur fái að sækja nám sem tekur tillit til sérþarfa þeirra og þeir fái þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Vinna þarf að því aðlaga starf skólans og kennsluhætti að þörfum fjölbreytts nemendahóps og þurfa nemendur, foreldrar, kennarar og starfsfólk á ráðgjöf og stuðningi að halda í því sambandi. Einstaklingsmiðað nám og skóli án aðgreiningar þurfa að fara saman. Skiptir viðhorf kennarar miklu mál um hvernig það tekst (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014, bls. 51; Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2012, bls. 26).

Eins og hér hefur komið fram eru nemendur ólíkir og námsþarfir þeirra mismunandi og mikilvægt er að kennarar séu viðbúnir að takast á við margvíslega þætti í starfi sínu (Birna María Svanbjörnsdóttir, Allyson Macdonald og Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2013).

Hugtakið einstaklingsmiðun (e. *individualisation*) hefur gegnt stóru hlutverki í alþjóðlegri umræðu um kennslufræði um áratuga skeið og verið hluti af breytingu í skólasterfinu. Einstaklingsmiðað nám hefur þær megináherslur að einstaklingar séu fjölbreytilegir, þeir búi yfir mismunandi og margvíslegri færni, hafi fjölbreyttan bakgrunn og menningu og þar með er gott að kennarar séu tilbúir að bjóða nemendum ólík viðfangsefni, bæði eftir getu og áhuga þeirra. Notast þarf við mismunandi aðferðir til að veita þessum nemendum góð tækifæri í námi. Í einstaklingsmiðuðu námi er nemandanum gefið tækifæri til að nýta styrkleika og hæfileika sína og honum er mætt þar sem hann er staddur (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014, bls. 29-30).

Einstaklingsáætlun kemur í framhaldi af einstaklingsmiðun en hún er unnin í samvinnu við kennara og foreldra og kemur í staðinn fyrir kennsluáætlun sem er ætluð heilum bekk. Með henni er gert ráð fyrir að nemandi setji sér markmið og meti síðan stöðu sína reglulega með kennara/um. Hún hjálpar kennurum að fylgjast betur með einstaka nemendum og greina stöðu þeirra. Einstaklingsáætlun er líka tæki sem hjálpar kennurum að sjá hvar nemandinn er staddur (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2007). Í einstaklingsmiðuðu námi þurfa kennarar líka að huga að því hvernig þeir ætla að meta nemendur og sjá hvar þeir eru staddir, en ekki er hægt að leggja eins próf, kannanir eða verkefni fyrir alla. Betra er að þeir setji fram mat þannig að þeir geri ráð fyrir að nemendur hafi sömu viðfangsefni og efnisþætti en að þeir geti unnið verkefnið á mismunandi hátt (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 93).

Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* þar sem kennsluhættir og kennsluáðferðir voru rannsakaðar kom í ljós að kennarar sem unnu sig í átt að einstaklingsmiðun nýttu sér marga möguleika eins og að nota misþungt námsefni og verkefni, leyfa nemendum að vinna á mismunandi hraða og skipta þeim eftir getu (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014, bls. 126). Með einstaklingsmiðuðu námi eða kennslu er mikilvægt kennarar að leitast við að nýta fjölbreytta kennsluhætti og aðferðir, en það eru margar leiðir færar í þeim efnum og enginn ein leið rétt. Það þarf að hafa í huga að auka virkni nemenda með sérþarfir og er meiri þörf á einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem mennta þarf fjölbreyttan hóp nemenda. Mikilvægt er að kennarar hafi jákvætt viðhorf gagnvart fjölbreyttum nemendahópum til þess að allir fái að tækifæri til að taka þátt í skólasterfinu með góðum árangri (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).

Kennarar þurfa að leggja áherslu á að leitast við að þróa nýja leiðir í náminu, bjóða nemendum námstilboð við hæfi og stuðla þannig að farsælu námi og þar af leiðandi hámarka námsárangur hvers og eins. Einnig þarf að stefna að því að allir nemendur fá þá þá kennslu sem þeir þurfa og þau viðhorf séu ríkjandi að hver nemandi sé einstakur og læri á fjölbreyttan hátt. Í skóla án aðgreiningar þarf allt starfsfólk að vinna saman og aðkoma

sérkennara og annarra fagaðila er mikilvæg þar sem í slíkri skólastefnu eru nemendur með sérþarfir sem þurfa stuðning í námi (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2012, bls. 20).

4.2 Fjölbreyttar aðferðir

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að kennsluaðferðir eigi að beinast fyrst og fremst að því styðja nemendur og þess vegna þurfi kennarar að nýta sér fjölbreyttar kennsluaðferðir í skólastarfinu. Nauðsynlegt er að þeir þekki helstu kennsluaðferðir og kunni að beita þeim með góðum hætti. Kennsluaðferðir er hægt að móta eins og hentar hverju sinni og eru gífurlegar margar kennsluaðferðir til.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að tilbreyting í kennsluaðferðum skiptir nemendum miklu máli vegna þess að kennsluaðferð sem er mikið notuð skilar árangri í einhvern tíma en á endanum munu nemendur fá leið á henni. Ef það er engin tilbreyting í kennslunni getur það leitt til þess að þeir staðna í námi sínu (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 13). Það er líka vert að taka það fram að margar eldri aðferðir eru mikið notaðar í skólastarfi í dag og hafa verið settar fram í nýjum búningi, t.d. með því að flétta þær við tækniþróun og nýja möguleika sem miðlun býður upp á. Þar sem tæknin er orðin hluti af samfélaginu þurfa kennarar að gera ungum nemendum sínum kleift að þjálfa og tileinka sér tæknina. Því þurfa kennarar að kynna sér upplýsingatækni og nýta sér hana í kennslustundum. Skapandi starf og frumkvæði eiga að vera hluti af námi nemenda og er mikilvægt að kennarar geti stutt við hvoru tveggja í kennslu sinni (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 6).

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að nauðsynlegt er að þróa nýjar hugmyndir og gefa nýjum aðferðum tækifæri. Kennsluaðferðir hafa verið flokkaðar í tvo flokka, annars vegar í beinar aðferðir sem eru kennarastýrðar og hins vegar óbeinar aðferðir sem eru þá nemendamiðaðar. Beinar aðferðir eru þegar kennarar taka að sér allt skipulag og gera fjölbreytt verkefni. Þetta getur stundum tekið á kennara þar sem þeir þurfa að halda athygli og virkni nemenda svo þeir geti tekið virkan þátt í sínu námi. Aðferðir sem falla undir þennan flokk eru til dæmis fyrirlestrar og verkefnabækur (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009; Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 8). Óbeinar aðferðir eru miðaðar að nemendum sjálfum og hvernig þeir vinna námsefnið en það eru kennararnir sem byggja upp kennsluna svo nemendur fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, taki virkan þátt í námi sínu og því sem þeir hafa áhuga á, en kennararnir hjálpa nemendum sínum að afla sér upplýsinga. Slíkir kennsluhættir miða að því að allir nemendur geti tekið þátt og fengið nám við sitt hæfi. Aðferðir sem falla undir nemendamiðaða kennslu eru til dæmis samvinnuverkefni, leitaraðferðir og sérfræðingskápan (Hunt, Wiseman og Touzel, 2009; Hákon Sæberg Björnsson og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2018).

Leiklist í kennslu er kennsluaðferð sem yfirleitt er unninn sem hópvinna og byggist upp á því að nemendur vinni í samskiptum hver við annan. Nemendur fá að framkvæma hlutina sjálfir og styrkja tengsl sín við aðra nemendur (Hákon Sæberg Björnsson og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2018). Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að leiklist styðji nemendur í því að tjá sig og móta hugmyndir sínar og tilfinningar. Að setja upp leiksýningar eða kynningar á verkefnum hefur jákvæð áhrif á nemendur og gefur þeim aukið tækifæri til samstarfs milli skóla og heimilis. Kennarar ættu að nýta kennsluaðferðir sem byggja á leiklist í sinni kennslu. Eins og segir í starfsendarannsókn Hákonar Sæbergs Björnssonar og Ásu Helgu Ragnarsdóttur (2018) sem gerð var á kennsluaðferðinni sérfræðingskápunni sem byggist á leiklist kom í ljós að þessi aðferð gerði kennsluna skemmtilegri og áhugaverðari fyrir nemendurnar og veitti þeim aukinn áhuga og ánægju í náminu. Það er ljóst að kennsluaðferðir í tengslum við leiklist hafa jákvæð áhrif á nemendur og ná kennarar þannig að efla trú nemenda á sinni eigin getu og ættu þeir því að nýta leiklist sem kennsluaðferð.

Margar tegundir eru til af alls konar þekktum aðferðum sem eru notaðar við nám og kennslu, en þar má nefna samvinnunám, leitarnám, lausnaleitarnám og söguaðferðina. Aðferðirnar eru ólíkar innbyrðis en stuðla flestar að gagnrýnni hugsun, skapandi vinnubrögðum og samvinnu milli nemenda. Aðferðunum er hægt að beita á yngsta stigi grunnskólans og mikilvægt er að kennarar aðlagi viðfangsefnin og aðferðum að því aldurstigi sem unnið er með (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 30). Ef kennarar nýta aðferðir sem nemendur hafa áhuga á, sökkva þeir sér í verkefni og fyrir þeim líður tíminn hratt þar sem verkefni eru áhugaverð og spennandi. Lengi hafa leikir verið notaðir við lærdóm en þeir gegna mikilvægu hlutverki í námi yngri barna (Hákon Sæberg Björnsson og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2018). Hlutverkaleikir henta t.d. vel fyrir nemendur á yngsta stigi þar sem þeir geta sett sig í spor annarra einstaklinga eða dýra. Kennarar lesa sögur og gefa nemendum hlutverk og þeir leika atburðinn sem um var að ræða og geta komið með lausnir á vandamálum sem koma upp (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 53). Samræður eru einnig mikið notaðar í kennslu og byrja kennarar oft kennslustundir á að spyrja nemendur sína opinna spurninga til þess að fá viðbrögð þeirra við viðfangsefninu. Kennarar þurfa að minna nemendur sína á að öll svör eigi rétt á sér og enginn geti spurt vitlausra spurninga en með því geta komið upp betri umræður um efnið. Þeir þurfa einnig að passa í miðjum umræðum að gefa nemendum tíma og er gott að fá þögn því þá geta nemendur fengið tækifæri til að hugsa og leggja til málanna (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 22).

Gott er fyrir kennara að hafa það í huga að yngri nemendur hafa oft minni athygli þegar þeir eru búnir sitja og læra í einhvern tíma. Þá er mikilvægt að kennarar grípi inn í og fái nemendur til þess að hreyfa sig. Hreyfinginn gefur heilanum aukið súrefni og getur það stuðlað að því að nemendur nái meiri einbeitingu og athygli. Hægt er að finna

hreyfimyndbönd á Youtube, fara í leiki eins og *Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir* eða *Jósep segir*. Að grípa inn í með hreyfingu og leikjum er skemmtilegt fyrir nemendur og þeir verða þar að leiðandi áhugasamari um viðfangsefnin (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 26). Ljóst er að til eru margar leiðir í kennslu og að það er undir kennurum komið að efla kennslu sína með fjölbreyttum aðferðum og þar með auka áhuga og ýta undir jákvætt nám hjá ungum nemendum.

4.3 Dæmi um kennsluaðferð

Umhverfismál eru mikið í brennidepli þessa daganna og er því kjörið tækifæri að taka dæmi um kennslu í umhverfismálum, og flétta tækni og útikennslu saman við það. Samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011) eiga nemendur við lok 4. bekkjar að geta flokkað úrgang og nýtt sér rafrænt og gagnvirkt námsefni. Talað er um að útikennsla gefi nemendum tækifæri til að nýta öll skynfæri og hreyfingu með því tengja viðfangsefnin með ýmsum þáttum námsgreina. Fjölbreyttir kennsluhættir eru mjög mikilvægir í þessu sambandi og er það hlutverk kennara að finna upp á áhugaverðum aðferðum og ná að nýta þær á skapandi hátt. Kveikja að þessu námsefni gæti verið að kennarar mæti með pappír utan af morgunkorni, plast og állök frá jógúrti og sýni nemendum og spyrji þá opinna spurninga sem kalla á margs konar svör, t.d. „hvað dettur ykkur í hug þegar þið sjáið þessa hluti“? Með þessu fá nemendur skemmtilegar og raunverulegar hugmyndir um viðfangsefnið. Eftir það myndi skapast umræða um hvaða hlutir á heimilinu eru flokkaðir og af hverju.

Með því að leyfa nemendum að vinna þetta verkefni í spjaldtölvu er hægt að nýta upplýsingatækni og náttúrufræði/umhverfisfræði samtímis. Þjálfunarforrit fellur undir kennsluaðferðirnar þulunám og þjálfunaræfingar, en þær hafa það að markmiði að festa þekkingu nemenda í minni og þjálfu leikni og færni. Spjaldtölvur gefa margs konar möguleika og auka þátttöku og áhuga nemenda í námi (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 17). Fyrir kennslustundina eru kennarar að vera búnir að undirbúa sig og skipuleggja hópa þar sem tveir og tveir vinna saman með eina spjaldtölvu, en það þarf að passa að búið sé að hlaða spjaldtölvurnar. Allur hópurinn fer út í göngutúr í náttúrunni í kringum skólann og eru kennarar búnir að undirbúa leiðir sem á að fara. Í göngunni safna nemendur mismunandi úrgangi sem þeir finna í náttúrunni. Útikennslan gefur nemendum góða hreyfingu og hefur jákvæð áhrif á jafnvægi og samhæfingu (Sigrún Björk Cortes o.fl., 2016, bls. 56). Í næstu kennslustund taka nemendur myndir af úrgangi sem þeir fundu í náttúrunni á spjaldtölvuna. Kennarar prentar út myndirnar fyrir þá og láta þá hafa karton sem þeir hengja myndirnar upp á og flokka úrganginn í rétta flokka. Einnig væri hægt nýta meiri upplýsingatækni í þessu verkefni og nota forritið Publisher til þess að búa til veggspjald. Á vef Morgi Námshugmyndir er að finna kennsluleiðbeiningar fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskóla þar sem er farið er nákvæmlega yfir það hvernig á að opna forritið Publisher og hvernig er

hægt að velja snið, breyta texta og setja inn myndir (Námsgagnastofnun, 2014). Þegar nemendur eru búnir að vinna kartonið/veggspjaldið hafa þeir kynningu fyrir bekkinn sinn til að sýna hvað þeir fundu í náttúrunni og hvernig þeir flokka úrganginn. Með því eru kennarar að æfa nemendur í að koma fram og beita skýrum og áheyrilegum framburði. Í þessari verkefnavinnu læra nemendur meira um sjálfbærni, bera virðingu fyrir umhverfinu og bera ábyrgð á að flokka úrgang á heimilum sínum.

5 Lokaorð

Ljóst er að kennarar yngri nemenda gegna stóru og mikilvægu hlutverki sem nær yfir marga þætti, en einn þáttur er að mennta nemendur og ná að kveikja á áhuga þeirra á námi. Til þess að þeir nái því þurfa þeir að skapa gott andrúmsloft í kennslustofunni og þekka sín eigin gildi og viðhorf. Þeir þurfa að vekja hugmyndir hjá nemendum sínum, hjálpa þeim með framtíðaráform og námsáhuga og því er ljóst að góðir kennarar geta haft mikil áhrif á líf nemenda sinna frá fyrsta degi skólagöngunnar. Í þeim reglum, lögum og sáttmálum sem hafa verið skoðaðar kemur fram að kennarar þurfi að fylgjast náið með nemendum og stuðla að þroska, líðan og velferð þeirra. Kennurum ber líka að vinna starf sitt af fagmennsku, styrkja fagleg vinnubrögð og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Í fyrsta lagi hefur komið fram að framkoman er stór og mikilvægur þáttur í að ná fram góðri kennslu og að kennarar hugi að rödd sinni, líkamstjáningu, trausti, hafa gildi, veita aðstoð og endurgjöf. Með því að kennarar sýni fagmennsku og beri virðingu fyrir nemendum, foreldrum og öðru starfsfólki er verið að styrkja námsumhverfi nemenda. Mikilvægt er að hafa gott skipulag og skýr markmið en með því getur kennarinn stefnt í rétta átt og náð betri árangri í starfi sínu. Skipulagning og undirbúningur skiptir sköpum í kennslu, en það er mikilvægt að kennarar skipuleggi kennsluna og undirbúi sig alltaf vel. Þá eru samskipti milli kennara, nemenda, foreldra og annars starfsfólks mjög mikilvæg og ættu allir að vinna náið saman og stuðla að jákvæðum samskiptum. Með því að styrkja þessi samskipti eflist nemandinn í námi og lífinu sjálfu. Að lokum eru það kennsluaðferðirnar sem kennarar leggja sig fram við að huga vel að, en margar aðferðir eru til. Lykilstaða kennara felst í því að nýta þær fjölbreyttu og skemmtilegu aðferðir og huga að fjölbreyttum nemendahópum og minna sig á að allir fara mismunandi leiðir til þess að læra og enginn einn er eins.

Í þessari ritgerð hefur verið farið yfir ýmsa þætti varðandi það hvað þarf að hafa í huga til þess að verða góður kennari yngri barna. Markmið þessa verkefnis var að svara rannsóknarspurningunni: „*Hverju þarf kennari yngri barna að huga að til þess að standa sig vel í starfinu*“? Henni hefur verið svarað út frá skrifum ýmissa fræðimanna en einnig út frá eigin reynslu höfundar í námi og störfum. Eftir miklar vangaveltur og lestur kom í ljós að það er margt sem grunnskólakennari yngri nemenda þarf að hafa í huga til þess að standa sig vel í starfinu, en það má draga saman mikilvægustu atriðin í eftirfarandi lista. Þessi atriði er gagnlegt fyrir kennara yngri nemenda að hafa í huga. Listinn er þó ekki tæmandi.

- að vera öruggur í framkomu og ábyrgur fyrir nemendum sínum.
- að vera fagmaður sem vinnur starf sitt af færni.
- að hafa samráð við nemendur um viðmið og mörk í kennslustofunni.

- að vera skipulagður og taka mið af margs konar kennsluháttum.
- að eiga í góðum samskiptum við nemendur, samstarfsfólk og foreldra.
- að ræða reglulega um áherslur og meginmarkmið.
- að finna leiðir til þess að mæta margskonar þörfum nemenda.

Eins og fram hefur komið er kennarastarfið mjög fjölbreytt og margt sem huga þarf að. Kennarar eru alltaf að reyna að gera betur í dag en þeir gerðu í gær og eru þar með að styrkja sig og aðra í leiðinni.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna skóla. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 29–56). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2007, 15. desember). Þróun einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2007/012/index.htm>

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 35–53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Birna María Svanbjörnsdóttir, Allyson Macdonald og Guðmundur Heiðar Frímansson. (2013). Einstaklingsmiðun sem markmið lærdómssamfélags. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 55–76). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Booth, T. (2005). *Keeping the future alive: Putting inclusive values into action*. Forum, 47, 151-158. Doi:10.2304/forum.2005.47.2.4

Edda Kjartansdóttir. (2006, 18. mars). Agi og bekkjarstjórnun: Hugmyndir tveggja heima takast á. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2006/002/index.htm>.

Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir. (2016). „Þegar maður finnur að krökkunum líður vel og eru kátir í skólanum, þá er takmarkinu náð“ - Um hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/04_ryn_arsrit_2016.pdf

Ferguson, D. L., Hafdís Guðjónsdóttir, Droege, C. A., Mayer, G., Lester, J. og Ralph, G. (1999). *Skóli fyrir alla. Listin að kenna í mikið getublönduðum bekk*. (Hafdís Guðjónsdóttir þýddi). Hafnarfjörður: H.G.

Gordon, T. (2001). *Samskipti kennara og nemenda* (Ólafur H. Jóhannsson þýddi). Reykjavík: Æskan.

Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundar.

- Hákon Sæberg Björnsson og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2018, 31. desember). Sérfræðingskápan - nám í hlutverki: Rannsókn á notkun kennsluaðferða leiklistar í skólastarfi með ungum börnum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/04.pdf
- Háskóli Íslands. (e.d.). Grunnskólakennsla yngri barna. Sótt af https://www.hi.is/grunnskolakennsla_yngri_barna
- Hunt, G. H., Wiseman, D. G. og Touzel, T. J. (2009). *Effective teaching: preparation and implementation* (4. útgáfa). Springfield: Charles C Thomas.
- Ingrid Kuhlman. (2005, 24. febrúar). Hvernig er best að byggja upp gott sjálfsöryggi? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=4771>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Iðnú.
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir (2014). Kennsluhættir. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 113–158). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2017). Er samvinna lykill að skólaþróun? – Samanburður á bekkjarkennsluskólum og teymiskennsluskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/10.pdf>
- Kennarasamband Íslands. (e.d.). Siðareglur. Sótt af <https://www.ki.is/um-ki/stefna-ki/sidareglur/>
- Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2014). Foreldrasamstarf. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 197–216). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um barnavernd nr. 80/2002.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Marshall, J. C. (2013). *Succeeding with Inquiry in Science and Math Classrooms*. Sótt af <http://www.ascd.org/publications/books/113008/chapters/What-Are-Your-Values,-Practices,-and-Actions-as-a-Teacher%2%A2.aspx>
- Moyles, J. Georgeson, J. og Payler, J. (2011). *Beginning teaching, beginning learning: in early years and primary education* (4. útgáfa). Maidenhead: McGraw-Hill Open University Press.

- Muijs, D. og Reynolds, D. (2011). *Effective teaching: Evidence and practice* (3. útgáfa). London: Sage Publications.
- Námsgagnastofnun. (2014). Umbrot til kennara. Sótt af <https://www1.mms.is/publisher/>
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (2015). *Leiðsögn: lykill að starfsmenntun og skólaþróun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. 2012a. *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskóla*. Ritstjórar Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir. Reykjavík: Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2002). Í eilífri leit – virðing og fagmennska kennara. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.khi.is/greinar/2002/005/03/index.htm>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Ákall og áskoranir – Vegsemd og virðing í skólastarfi. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>
- Sigrún Björk Cortes, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Margrét Hugadóttir og Torfi Hjartarson. (2016). *Skapandi skóli: Handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðlun*. Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Slavin, R. E. (2014). *Educational psychology* (10. útgáfa). London: Pearson.
- TEACCH staff. (e.d.). Structured Teaching by TEACCH staff. Sótt af <https://teacch.com/structured-teaching-teacch-staff/>
- The importance of teaching. (2001). *Journal of thermal envelope and building science*, 24(3), 177–182. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1106/70V2-62VX-7LCK-YDPN>
- Trausti Þorsteinsson. (2003). Fagmennska kennara. Í Børkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn H. Lárusdóttir (ritstjórar), *Fagmennska og forysta. Þættir í skólastjórnun* (bls. 187–200). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Whitaker, T. (2007). *What great teachers do differently: 17 Things that matter most*. London og New York: Routledge